

Mánudaginn 15. október 1917.

Nr. 22/1917:

Réttvisin

gegn

Guðmundi Kristjánssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Húnavatnssýslu, uppkveðnum 16. nóv. f. á., var Guðmundur Kristjánsson bóndi í Hvammkoti í Vindhælishreppi dæmdur í 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð samkvæmt 250. gr. sbr. 249. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, svo og til að greiða allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, þar með taldar 10 kr. í málsvarnarlaun til talsmanns síns fyrir aukaréttinum, Jóns prests Pálssonar á Höskuldsstöðum.

Þessum dómi hefir af hálfu réttvísinnar verið skotið til yfirdómsins.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir eigi áður sætt refsingu fyrir neitt afbrot. Með játningu hans og öðrum skýrslum málsins er það löglega sannað, að hann haustið 1914 eftir réttir hafi slátrað og hagnýtt sér hvítt gimbrarlamb, er Edvald Hemmert verzlunarstjóri á Skagaströnd átti. Var lamb þetta, að því er ákærði skýrir frá, saman við fé hans og rekið heim með því við smölun. Mark Hemmerts var á lambinu og þekti ákærði það; taldi hann sér til málsbóta, að hann hefði orðið fyrir ójöfnuði í verzlunarviðskiftum við Hemmert — sem þó ekki hefir sannast í málinu — og viljað ná sér niðri á honum fyrir það með lambtökunni. Sam-

kvæmt vottorði héraðsdómarans hefir ákærði greitt-  
eigandanum andvirði lambs þessa.

Sama haustið breytti ákærði annars manns marki á svörtu gimbrarlambi, er var saman við fé hans, í sitt mark, og tjáist hafa gert það með fullu ráði, þó að hann vissi ekki, hvort lambið væri annara eign eða sín, til að helga sér lambið og gera það að sinni eign. Úr þessari játningu hefir ákærði þó viljað draga með því að halda því fram síðar í prófunum, að hann hafi grunað, að þetta svarta lamb væri undan svartri á, er hann átti og sloppið hafði um vorið óruín og með svörtu lambi ómörkuðu; hefði hann frétt, að hann ætti svart reifi úti á Hrauni, og þá giskað á að það væri af svörtu ánni og að lambið hefði verið markað um leið og ærin var rúin, en mismarkast á vinstra eyra, stýft eða sneytt framan í staðinn fyrir sneytt aftan. En með því annars manns mark var á lambinu og ákærði gjörði ekkert til að rannsaka, hvort þessi grunur hans væri rjettur, verður að meta svo markbreytingu hans á lambinu, að hann með henni hafi í heimildarleysi viljað kasta eign sinni á það. Lambið átti Páll Steingrímsson bóndi á Njálstöðum og hefir það verið afhent honum.

Í rjettarhaldi 4. nóv. 1914 skýrði ákærði frá því, að haustið 1910 hefði hvítur lambhrútur komið saman við fé sitt með mark sneytt framan bita aftan hægra, en óljóst mark á vinstra eyra, með því eyrað hefði verið orpið; hafi hann tekið lamb þetta, markað það á vinstra eyra, þegar fram á leið veturinn, svo að það varð með soramarki hans, og slátrað því næsta haust og hagnýtt sjer. En við síðari yfirheyrslu

breytti ákærði þessum framburði á þá leið, að um sumarið 1910 hefði hann markað lamb undir gimbur, sem sonur hans átti, undir sama mark og á gimbrinni var, sneytt framan vaglskora aftan hægra, hvatrifað vinstra; hafi hann um haustið, er hann tók lambhrútinn, álitid að hann væri sama lambið, sem hann hefði markað um sumarið, enda hafi hann verið með gimbrinni og markið verið líkt; hafi ákærði talið sjer heimilt að slátra kind þessari og hagnýta sjer hana, með því að hún hafi verið eign sonar hans, þá 15 vetra, sem hafi verið hjá honum. Þóttist ákærði ekki hafa verið búinn að átta sig á þessu við yfirheyrsluna 4. nóv. 1914. Um lamb þetta hefir viðrannsókn málsins engin upplýsing fengist önnur en skýrsla ákærða, og virðist þá ekki heimild til að hafna henni eða láta ákærða sæta ábyrgð fyrir töku á greindum lambhrút.

Þá hefir ákærði játað að hann hafi hirt reifi af 2 kindum, er voru saman við fje hans vorið 1913 og muni reifin hafa runnið inn til sín. Við síðari yfirheyrslu hefir ákærði þó haldið því fram, að nafngreindur maður hafi verið beðinn að koma reifunum til skila og tekið við þeim í því skyni, en sá maður hefir eigi kannast við það, og verður þá að ætla, að ákærði hafi tekið og hagnýtt sjer þessi ullarreifi að ófrjálsu. Andvirði fyrir annað reifið hefir ákærði greitt eigandanum, en eigi hefir orðið upplýst, hver eigandi hafi verið hinnar kindarinnar.

Framangreind brot ákærða heyra undir 250. gr. sbr. 249. gr. hinna almennu hegningarlaga og þykir refsingin fyrir þau æfilega ákveðin af undirdómar-

anum 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákvæði aukarjettardómsins um málskostnað samþykkist einnig og má því staðfesta hann.

Ákærði ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningislaun til skipaðs sækjanda og verjanda við yfirdóminn 15 kr. til hvors. Fyrstu prófin í máli þessu voru haldin 2.—4. nóv. 1914, en síðan var ekkert við málið gjört fyrir en 18. nóv. 1915. 29. s. m. var svo prófunum enn frestað og þau eigi tekin upp aftur fyrir en 26. ág. f. á.; var rannsókninni þá lokið, en fyrir aukarjettinn kom málið 16. f. á. og var dæmt sama dag. Hjeradsdómarrinn hefir gjört ítarlega grein fyrir hvað því hafi valdið, að rannsókn málsins hefir dregist svo mjög, og þó að sú greinargjörð geti ekki fyllilega rjettlætt þennan langa drátt, þykir þó eftir atvikum eigi ástæða til að láta hann varða dómarrann ábyrgð. Stefna til ákærða hefir eigi verið gefin út í héraði og er það aðfinnsluvert, en eigi virðist þurfa að vísa málinu heim fyrir þá sök, með því að ákærði mætti við fyrirtekt málsins með skipuðum talsmanni sínum, sem flutti vörn fyrir hann. Fyrir yfirdóminum hefir sókn og vörn málsins verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Ákærði Guðmundur Kristjánsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningislaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirrjettarmála-

flutningsmannanna Eggert Claessen og Sigurðar Lýðssonar 15 kr. til hvors. Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 29. október 1917.

Nr. 46/1917:

Sigurður Kristjánsson  
gegn  
Einari Þorgilssyni.

#### D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi, Einar Þorgilsson kaupmaður í Hafnarfirði fyrir aukarjetti Hafnarfjarðarkaupstaðar gegn áfrýjanda Sigurði Kristjánssyni sýsluskrifara sama staðar, fyrir meiðyrði, er áfrýjandi hefði haft um sig á opinberum málfundi, er haldinn var í Hafnarfirði 20. okt. 1916, og áfrýjandi ásamt nokkrum öðrum mönnum hafði boðað til, en ummæli þau, er stefndi átaldi voru þau, að hann Einar Þorgilsson, hefði aldrei meðan hann var bæjarfulltrúi í Hafnarfirði mætt á fundum bæjarstjórnarinnar, nema þegar þau málefni voru á dagskrá sem snertu hans eigin hag eða þegar hann þurfti að verja eigin hagsmuni sína. Krafðist Einar Þorgilsson þess að áfrýjandi yrði dæmdur til refsingar fyrir þessi ummæli, að þau yrðu dæmd dauð og ómerk og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu. Áfrýjandi höfðaði þá af sinni hálfu gagnsök á hendur stefnda út af ummælum, er hann